

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2007/EES/30/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 365/06/COL frá 29. nóvember 2006 um sextugustu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar	1
2007/EES/30/02		Upplýsingar frá EFTA-ríkjunum um ríkisaðstoð sem veitt er samkvæmt gerðinni sem um getur í lið 1f í XV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til litilla og meðalstórra fyrirtækja) – Nýsköpunaráætlun á sviði timburframleiðslu	3
2007/EES/30/03		Upplýsingar frá EFTA-ríkjunum um ríkisaðstoð sem veitt er samkvæmt gerðinni sem um getur í lið 1d í XV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar) – Nýsköpunaráætlun á sviði timburframleiðslu	4
2007/EES/30/04		Upplýsingar frá EFTA-ríkjunum um ríkisaðstoð sem veitt er samkvæmt gerðinni sem um getur í lið 1i í XV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1628/2006 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart innlendri, svæðisbundinni fjárfestingaraðstoð) – Styrkur til fjárfestinga í héraði	5
2007/EES/30/05		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 280/06/COL frá 4. október 2006 um að hreyfa ekki andmælum við fyrirhuguðum breytingum á norskum reglum um skattendurgreiðslur til skipafélaga vegna farmanna sem starfa á skipum sem skráð eru í almenna skipaskrá (NOR) og alþjóðaskipaskrá (NIS) í Noregi – Ágrip, birt í upplýsingaskyni.	6
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2007/EES/30/06		Beiðni Fürstliches Landgericht um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins samkvæmt ákvörðun fyrrnefnda dómstólsins frá 31. janúar 2007 í sakamáli sem rekið er gegn <i>Sedin Poric</i> (Mál E-1/07)	7

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið

2. Framkvæmdastjórnin

2007/EES/30/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4477 – SES Astra/Eutelsat/JV)	8
2007/EES/30/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4623 – Vinci Construction/Solétanche)	9
2007/EES/30/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4688 – Nestlé/Gerber)	10
2007/EES/30/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4706 – Superior Essex/Invex)	11
2007/EES/30/11	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4723 – Eni/ExxonMobil (Hungarian, Czech and Slovak Package)) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	12
2007/EES/30/12	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4739 – Halder/NPM Capital/ANP) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	13
2007/EES/30/13	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4743 – Warburg Pincus/Bausch) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	14
2007/EES/30/14	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4745 – Cerberus/Promontoria/Focus) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	15
2007/EES/30/15	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4757 – Nordic Capital/Thule)	16
2007/EES/30/16	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4764 – Debitel/Talkline) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	17
2007/EES/30/17	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4767 – Montagu/Unifeeder) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	18
2007/EES/30/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4191 – Thales/DCN)	19
2007/EES/30/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4432 – Oerlikon/Saurer)	19
2007/EES/30/20	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4536 – Magneti Marelli/Concordia)	20
2007/EES/30/21	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4561 – GE/Smiths Aerospace)	20
2007/EES/30/22	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4579 – Investor/Morgan Stanley/Mölnlycke)	21
2007/EES/30/23	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4588 – Petroplus/Coryton Refinery Business)	21

2007/EES/30/24	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4593 – Voestalpine/Dancke)	22
2007/EES/30/25	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4600 – TUI/First Choice)	22
2007/EES/30/26	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4613 – Eurazeo S.A./Apcoa Parking Holdings GmbH)	23
2007/EES/30/27	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4615 – Merlin/Tussauds)	23
2007/EES/30/28	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4648 – Peter Döhle Schiffahrts-KG/GE Transportation Finance Inc./JV)	24
2007/EES/30/29	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4656 – Deutsche Bank/Aviva/Blackstone/Vitus)	24
2007/EES/30/30	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4666 – KKR/First Data)	25
2007/EES/30/31	Ríkisaðstoð – Holland – Málsnúmer C 53/06 (áður N 262/05) – Citynet Amsterdam: fjárfesting borgaryfirvalda í Amsterdam í ljósleiðarakerfi inn á heimili (FTTH) – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans.	25
2007/EES/30/32	Ríkisaðstoð – Danmörk – Málsnúmer C 5/07 (áður N 469/05) – Aflétting upplýsingaskyldu sem lögð er á sjóflutningafyrirtæki í danska tonnaskattkerfinu Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans.	26
2007/EES/30/33	Auglýst eftir tillögum samkvæmt starfsáætlununum „Samstarf“ og „Rannsóknargeta“ 7. rammaáætlunar Evrópubandalagsins um rannsóknir, tækniþróun og tilrauna-verkefni	26
2007/EES/30/34	Auglýst eftir tillögum samkvæmt starfsáætlununum „Samstarf“ og „Rannsóknargeta“ 7. rammaáætlunar Evrópubandalagsins um rannsóknir, tækniþróun og tilrauna-verkefni	27
2007/EES/30/35	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um framlengingu beitingar orðsendingarinnar um eftirfylgni að því er varðar orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um tiltekin lagaleg atriði í tengslum við kvikmyndagerð og aðra hljóð- og myndgerð (orðsending um kvikmyndaefni) frá 26. september 2001.	27
2007/EES/30/36	Álit framkvæmdastjórnarinnar frá 20. júní 2007 um eftirfylgni varðandi álit framkvæmdastjórnarinnar C(2005) 1694, lokaútgáfu frá 9. júní 2005, á bráðabirgðaráðstöfunum sem ríkisstjórn Danmerkur gerði að því er varðar háþrýsti-/sögðryggisloka af tegundinni NEW-ISO-HV, sem eru framleiddir af TANKTECH Co. í Lýðveldinu Suður-Kóreu.	28

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2007/EES/30/01

365/06/COL

frá 29. nóvember 2006

um sextugustu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið ⁽¹⁾, einkum 61., 62. og 63. gr. og bókun 26,

með hliðsjón af samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽²⁾, einkum 24. gr. og b-lið 2. mgr. 5. gr. ásamt 1. gr. í I. hluta bókunar 3,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 24. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að koma ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð til framkvæmda.

Samkvæmt b-lið 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að gefa út auglýsingar eða leiðbeiningar um mál sem EES-samningurinn fjallar um ef sá samningur eða samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól kveða skýrt á um slíkt eða Eftirlitsstofnun EFTA álitur það nauðsynlegt.

Minnt er á málsmeðferðar- og efnisreglur á sviði ríkisaðstoðar ⁽³⁾ sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 ⁽⁴⁾.

Hinn 24. október 2006 ákvað framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna að framlengja gildistíma rammaákvæða um ríkisaðstoð til skipasmíða til 31. desember 2008 ⁽⁵⁾.

Sú orðsending varðar einnig Evrópska efnahagssvæðið.

Tryggja ber að EES-reglum um ríkisaðstoð sé beitt á sama hátt hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu.

Samkvæmt ákvæðum II. liðar undir fyrirsögninni „ALMENNT“ í lok XV. viðauka við EES-samninginn ber Eftirlitsstofnun EFTA, að höfðu samráði við framkvæmdastjórn EB, að samþykkja gerðir sem samsvara þeim sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

Eftirlitsstofnunin hefur leitað samráðs við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Visað er til þess að Eftirlitsstofnun EFTA leitaði samráðs við EFTA-ríkin með bréfi um þetta efni sem dagsett var 27. október 2006.

⁽¹⁾ Nefnist hér „EES-samningurinn“.

⁽²⁾ Nefnist hér „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“.

⁽³⁾ Nefnist hér „Leiðbeiningar um ríkisaðstoð“.

⁽⁴⁾ Reglurnar birtust upprunalega í Stjtið. EB L 231, 3.9.1994, og í EES-viðbæti við þau nr. 32 sama dag. Þær breyttust síðast samkvæmt ákvörðun frá 5. október 2006.

⁽⁵⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um framlengingu rammaákvæða um ríkisaðstoð til skipasmíða, Stjtið. ESB C 260, 28.10.2006, bls. 7.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 172, 2.7.2002, bls. 1, með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 502/2004, Stjtið. ESB L 81, 19.3.2004, bls. 6. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 170/2002 og 80/2004.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. Gildistími kafla 24B í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð, Ríkisaðstoð til skipasmíða, er framlengdur til 31. desember 2008. Í stað ákvæða hinnar eldri 31. mgr. í undirkafla 24B.7 í kafla 24B í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð komi eftirfarandi ákvæði:

„Rammaákvæði þessi koma til framkvæmda 1. janúar 2004 og falla úr gildi eigi síðar en 31. desember 2008. Eftirlitsstofnunin getur endurskoðað þau á gildistímanum.“
2. Ákvæði 1. nmgr. í kafla 24B í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð hljóði svo:

„Þessi kafli samsvarar rammaákvæðum Evrópubandalagsins um ríkisaðstoð til skipasmíða (Stjtið. ESB C 317, 30.12.2003, bls. 11), með áorðnum breytingum framkvæmdastjórnarinnar frá 24. október 2006 (Stjtið. ESB C 260, 28.10.2006, bls. 7).“
3. Þar eð reglugerð ráðsins (EB) nr. 1177/2002 frá 27. júní 2002 um tímabundnar varnarráðstafanir fyrir skipasmíðaiðnaðinn ⁽⁶⁾ féll úr gildi 31. mars 2005 eiga vísanir til þeirrar reglugerðar í kafla 24B í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð ekki lengur við. Eftirlitsstofnunin mun því hætta að beita ákvæðum 9. mgr. og e-liðar 12. mgr. í kafla 24B frá 1. janúar 2007 að telja.
4. EFTA-ríkjunum skal til upplýsingar sent bréf með eintaki af ákvörðun þessari.
5. Í samræmi við d-lið bókunar 27 við EES-samninginn skal framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna sent til upplýsingar eintak af ákvörðun þessari.
6. Ákvörðunin skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. nóvember 2006.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Björn T. Grydeland

Forseti

Kristján A. Stefánsson

Stjórnarmaður

Upplýsingar frá EFTA-ríkjunum um ríkisaðstoð sem veitt er samkvæmt gerðinni sem um getur í lið 1f í XV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja) 2007/EES/30/02

Málsnúmer: Aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki – 4/2006 – Noregur

EFTA-ríki: Noregur

Fyrirsögn aðstoðarkerfis: Nýsköpunaráætlun á sviði timburframleiðslu

Lagaheimild: St.prp. nr. 1, 1149. kafli, 71. liður. Árleg orðsending matvæla- og landbúnaðarráðuneytisins um úthlutun styrkja

Árleg útgjöld samkvæmt aðstoðarkerfinu: Heildarfjárhæð á ári: Um 4,3 milljónir evra

Leyfilegt aðstoðarhlutfall: Í samræmi við 2.–6. mgr. 4. gr. og 5. gr. reglugerðarinnar og í samræmi við a-, b- og c-lið 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 364/2004

Gildistökudagur: 8. ágúst 2006

Gildistími kerfis eða stakrar aðstoðar: Háð árlegum fjárveitingum stjórnvalda

Markmið aðstoðar: Aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki

Hlutgengar atvinnugreinar: Allar greinar sem stuðla að aukinni viðarnotkun og virðisauka í viðarframleiðslu (undanskilin er aðstoð til uppbyggingar á lífildsneytisframleiðslu og pappirsdeigs- og pappirsframleiðslu)

Heiti og pósthfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð: Innovasjon Norge, Postboks 448 Sentrum, NO-0104 Oslo

Stórir stakir styrkir: Í samræmi við 6. gr. reglugerðarinnar

Upplýsingar frá EFTA-rikjunum um ríkisaðstoð sem veitt er samkvæmt gerðinni sem um getur í lið 1d í XV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar) **2007/EES/30/03**

Málsnúmer: Aðstoð vegna fræðslustarfs – 5/2006 – Noregur

EFTA-riki: Noregur

Fyrirsögn aðstoðarkerfis: Nýsköpunaráætlun á sviði timburframleiðslu

Lagaheimild: St.prp. nr. 1, 1149. kafli, 71. liður. Árleg orðsending matvæla- og landbúnaðarráðuneytisins um úthlutun styrkja

Árleg útgjöld samkvæmt aðstoðarkerfinu: Heildarfjárhæð á ári: um 4,3 milljónir evra

Leyfilegt aðstoðarhlutfall: Í samræmi við 2.–7. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar

Gildistökudagur: 8. ágúst 2006

Gildistími kerfis eða stakrar aðstoðar: Háð árlegum fjárveitingum stjórnvalda

Markmið aðstoðar: Almenn og sértæk fræðslustarfsemi

Hlutgengar atvinnugreinar: Allar greinar sem stuðla að aukinni viðarnotkun og virðisauka í viðarframleiðslu (undanskilin er aðstoð til uppbyggingar á lífoldsneytisframleiðslu og pappírseigs- og pappírframleiðslu)

Heiti og pósthfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð: Innovasjon Norge, Postboks 448 Sentrum, NO-0104 Oslo

Stórir stakir styrkir: Í samræmi við 5. gr. reglugerðarinnar

Upplýsingar frá EFTA-rikjunum um ríkisaðstoð sem veitt er samkvæmt gerðinni sem um getur í lið 1i í XV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1628/2006 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart innlendi, svæðisbundinni fjárfestingaraðstoð) 2007/EES/30/04

Málsnúmer: Byggðaaðstoð – 1/2007 – Noregur

EFTA-riki: Noregur

Hérað: Byggðakortssvæði (Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 226/06/COL)

Fyrirsögn aðstoðarkerfis eða heiti fyrirtækis sem þiggur staka aðstoð: Styrkur til fjárfestinga í héraði

Lagaheimild: *Forskrift om geografisk virkeomrade og bruk av dei regional- og distriktpolitiske verkemidla*

Árlegar orðsendingar um úthlutun styrkja

Árleg útgjöld samkvæmt aðstoðarkerfinu: Heildarfjárhæð á ári: 220 millj. norskra króna

Leyfilegt aðstoðarhlutfall: Í samræmi við 4. gr. reglugerðarinnar: Já

Gildistökudagur: 1.1.2007

Gildistími kerfis eða stakrar aðstoðar: Til 31. desember 2013

Hlutengar atvinnugreinar: Allar greinar sem eiga kost á fjárfestingaraðstoð: Já

Heiti og póstfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð: Innovasjon Norge, Postboks 448 Sentrum, NO-0104 Oslo, post@innovasjon norge.no

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 280/06/COL frá 4. október 2006 um að hreyfa ekki andmælum við fyrirhuguðum breytingum á norskum reglum um skattendurgreiðslur til skipafélaga vegna farmanna sem starfa á skipum sem skráð eru í almenna skipaskrá (NOR) og alþjóðaskipaskrá (NIS) í Noregi

2007/EES/30/05

Ágrip, birt í upplýsingaskyni

Málsnúmer: 59523/57304

EFTA-ríki: Noregur

Hérað: Noregur

Fyrirsögn og markmið aðstoðarkerfis: Breytingar á þrenns konar reglum um skattendurgreiðslur til skipafélaga vegna farmanna sem starfa á skipum sem skráð eru í almenna skipaskrá (NOR) og alþjóðaskipaskrá (NIS) í Noregi.

Helstu markmið reglna um skattendurgreiðslur til að efla atvinnu og menntun farmanna eru að standa vörð um og auka atvinnu farmanna í Noregi og öðrum EES-ríkjum, að tryggja ráðningu og fagmenntun farmanna og að styrkja samkeppnisstöðu fyrirtækja sem hafa þessa farmenn í starfi. Jafnframt hafa reglurnar það viðtækara markmið að varðveita og efla verkunnáttu í siglingagreinum í almennum skilningi og auka öryggi.

Eftir að breytingarnar öðlast gildi taka reglurnar til farmanna sem eru skattskyldir í Noregi þótt þeir séu ekki búsettir þar.

Lagaheimild: Árleg fjárlög samkvæmt ákvörðun norska þingsins og reglugerð frá 21. desember 2005 nr. 1720.

Áætluð árleg útgjöld: Aðstoðarkerfi

Vegna reglnanna sem slika: 1 225 milljónir norskra króna/154 milljónir evra

Vegna þeirrar breytingar að láta reglurnar taka til farmanna sem eru skattskyldir í Noregi þótt þeir séu ekki búsettir þar: 25 milljónir norskra króna/3,14 milljónir evra

Gildistími: Norska þingið hefur ekki takmarkað gildistíma ofangreindra reglna um skattendurgreiðslur. Stjórnvöld í Noregi munu þó tilkynna aðstoðarkerfið að nýju fyrir 1. janúar 2016.

Leyfilegt aðstoðarhlutfall samkvæmt kerfinu: Samkvæmt svonefndri heildarlaunareglu fá skipafélög endurgreidda 9,3 eða 12 hundraðshluta af launum farmanns sem eru endurgreiðsla að hluta á sköttum sem honum hefur verið gert að greiða.

Samkvæmt svonefndri ráðstöfunarlaunareglu eru skattar og almannatryggingagjöld, sem innheimt hafa verið af launatekjum, endurgreidd að fullu.

Atvinnugreinar: Sjóflutningar

Heiti og pósthfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð: Nærings- og handelsdepartementet, Postboks 8014 Dep, N-0030 Oslo

EFTA-DÓMSTÓLLINN

Beiðni Fürstliches Landgericht um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins samkvæmt 2007/EES/30/06
ákvörðun fyrrnefnda dómstólsins frá 31. janúar 2007 í sakamáli sem rekið er gegn
Sedin Poric

(Mál E-1/07)

Samkvæmt ákvörðun Fürstliches Landgericht (landsréttar Liechtensteins) frá 31. janúar 2007 hefur EFTA-dómstólnum verið send beiðni, sem barst málaskrá dómstólsins 7. febrúar 2007, um ráðgefandi álit í sakamáli, sem rekið er gegn Sedin Poric, að því er varðar eftirtalin atriði:

1. Er ákvæði á borð við það sem er að finna í 57. gr. a í lögum um lögmann í Liechtenstein [Rechtsanwaltsgesetz], en samkvæmt því er skylt, í dómsmálum þar sem málsaðili nýtur aðstoðar lögmanns eða skipa þarf verjanda, að kalla til starfandi lögmann í landinu auk lögmanns frá Evrópuríki sem ráðinn hefur verið, og sinna þeir málinu sameiginlega [Einvernehmensrechtsanwalt] í samræmi við 49. gr. laga um lögmann í Liechtenstein, samrýmanlegt ákvæðum EES-samningsins um frjálsa þjónustustarfsemi (1. mgr. 36. gr. EES-samningsins), og þá einkum tilskipun ráðsins 77/249/EBE frá 22. mars 1977 um að auðvelda lögmonnum að neyta réttar til að veita þjónustu, nánar tiltekið öðrum undirlitð 5. gr.?
2. Verði svar EFTA-dómstólsins við fyrri spurningunni neikvætt: Er heimilt, þegar svo háttar til að með ákvæði í landslögum á borð við það sem er að finna í 57. gr. a í lögum um lögmann í Liechtenstein er ekki felld í landslög með fullnægjandi hætti tilskipun sem tekin er upp í samræmi við b-lið 7. gr. EES-samningsins, til að mynda tilskipunin sem um getur í fyrri spurningunni, að beita slíku ákvæði engu að síður í ríki sem á aðild að EES-samningnum?

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2007/EES/30/07

(Mál COMP/M.4477 – SES Astra/Eutelsat/JV)

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. júní 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. sömu greinar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem lúxemborgska fyrirtækið SES Astra S.A. („Astra“) og franska fyrirtækið Eutelsat S.A. („Eutelsat“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar, í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni („JV“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Astra: útvarpssendingar um gervihnött og lausnir til að senda út sjónvarps- og útvarpsefni, netaðgangur og netþjónusta
 - Eutelsat: fjarskiptaþjónusta vegna útvarpssendinga og breiðbands
 - JV: grummvirki fyrir útvarpssendingar margmiðlunarefnis í þráðlausan búnað og tviátta talfjarskipti og gagnaflutninga
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 141, 25. júní 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4477 – SES Astra/Eutelsat/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4623 – Vinci Construction/Solétanche)

2007/EES/30/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. júní 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Vinci Construction sem er í eigu Vinci-fyrirtækjasamstæðunnar („Vinci“) öðlast með hlutfjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í franska fyrirtækinu Solétanche SA („Solétanche“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Vinci: byggingar og opinberar framkvæmdir, rekstur samgöngugrunnvirkja, orkunet, vegagerð og tengd þjónusta
 - Solétanche: opinberar framkvæmdir
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 141, 25. júní 2007). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4623 – Vinci Construction/Solétanche, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4688 – Nestlé/Gerber)

2007/EES/30/09

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. júní 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem svissneska fyrirtækið Nestlé S.A. („Nestlé“) öðlast með hlutafjár- og eignakaupum yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í bandaríska fyrirtækinu Gerber sem er í eigu svissneska fyrirtækisins Novartis AG („Novartis“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Nestlé: framleiðsla, markaðssetning og sala á fjölbreyttu úrvali mat- og drykkjarvara, meðal annars barnamat
 - Gerber: framleiðsla, markaðssetning og sala á barnamat, vörum sem notaðar eru við umhirðu ungbarna og öðrum vörum fyrir ungbörn
 - Novartis: stórt fyrirtæki með heilsuvörur
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 144, 29. júní 2007). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni Mál COMP/M.4688 – Nestlé/Gerber, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4706 – Superior Essex/Invex)

2007/EES/30/10

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. júní 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. sömu greinar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Superior Essex Inc., („Superior Essex“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í ítalska fyrirtækinu Invex S.p.A. („Invex“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Superior Essex: framleiðsla og dreifing ýmiss konar kapla og víra fyrir fjarskipti, vafvíra og smeltlakks fyrir þá
 - Invex: framleiðsla og dreifing vafvíra
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 143, 28. júní 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4706 – Superior Essex/Invex, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2007/EES/30/11****(Mál COMP/M.4723 – Eni/Exxon Mobil (Hungarian, Czech and Slovak Package))****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. júní 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem ítalska fyrirtækið Eni S.p.A. („Eni“) öðlast með hlutafjár- og eignakaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í ungverska fyrirtækinu ExxonMobil Hungaria („Esso Hungaria“), tékkneska fyrirtækinu Esso spols s.r.o. („Esso Ceska“) og slóvakíska fyrirtækinu Esso Slovensko spol, s.r.o. („Esso Slovensko“) og tilteknum eignum og samningum fyrirtækisins ExxonMobil sem lúta að smurefnaviðskiptum í þessum löndum („Lubs Assets and contracts“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Esso Hungaria, Esso Ceska, Esso Slovensko: smásala ExxonMobil á eldsneyti fyrir hreyfla og potueldsneyti í Ungverjalandi, Lýðveldinu Tékklandi og Slóvakíu
 - Lubs Assets and Contracts: markaðssetning og sala á smurefni til iðnaðar og fyrir vélknúin ökutæki í Lýðveldinu Tékklandi, Ungverjalandi og Slóvakíu
 - Eni: finnur, framleiðir, flytur, breytir og markaðssetur olíu og jarðgas
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 141, 25. júní 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4723 – Eni/Exxon Mobil (Hungarian, Czech and Slovak Package), á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4739 – Halder/NPM Capital/ANP)

2007/EES/30/12

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. júní 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollenska fyrirtækið Halder-GIMV Investering 2004 B.V. („Halder“), sem er undir yfirráðum hollensku fyrirtækjanna GIMV N.V. og NPM Capital N.V. („NPM Capital“), sem eru undir yfirráðum fyrirtækisins SHV Holdings N.V., öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í hollenska fyrirtækinu ANP Holding B.V. („ANP“), nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Halder: fjárfestir í óskráðum félögum og rekstur fjárfestingasjóða
 - NPM Capital: fjárfestir í óskráðum félögum
 - ANP: Algemeen Nederlands Persbureau miðlar fréttum til hollenskra fjölmiðla
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 139, 23. júní, 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4739 – Halder/NPM Capital/ANP, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4743 – Warburg Pincus/Bausch)

2007/EES/30/13

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. júní 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Warburg Pincus LLC („Warburg“) öðlast með hlutafjárkaupum gegnum dótturfyrirtæki sín að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í bandaríska fyrirtækinu Bausch & Lomb Inc. („Bausch“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Warburg: fjárfestir í óskráðum félögum
 - Bausch: framleiðir, markaðssetur og selur sjúkravörur fyrir umhirðu augna
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

